

CS návod k použití	LT naudojimo instrukcija
DE Gebrauchsanweisung	LV LIETOŠANAS PAMĀCĪBA
DK BRUGSANVISNING	NO BRUKSANVISNING
ES INSTRUCCIONES DE USO	PL instrukcja używania
ET KASUTUSJUHEND	PT instruções de utilização
FI KÄYTTÖOHJEET	RU б́ýдиџ „Notkunarleiџbeiningar“
FR notice d'utilisation	SV BRUKSANVISNING
EL οδηγίες χρήσης	SK návod na použitie
HU használati útmutató	SL NAVODILA ZA UPORABO
IT ISTRUZIONI PER L'USO	TR б́ýдиџ „Notkunarleiџbeiningar“
JA の使用説明書	ENNotkunarleiџbeiningar

*Ef um er að ræða misræmi milli merkingu þýðdra útgáfu þessa texta er merking ensku útgáfunnar ráðandi.

Inngangur

Þessi notkunarleiðbeiningar innihalda mikilvægar upplýsingar um hvernig á að nota og viðhalda TEMPUR-MED® vörum. Vinsamlegast lestu þær áður en þú notar vörunar til að tryggja örugga og rétta notkun og geymdu þær til að nota síðar.

TEMPUR-MED® vörunar eru flokkaðar sem lækningatæki, flokkur I og CE merktar í samræmi við MDR (ESB) 2017/745.














TEMPUR-MED® vörunar eru hugsaðar sem stuðningsbúnaður við fyrirbyggjandi umönnun legusár.

Ef ske kynni að varan er viðriðin alvarlegt atvik, er skylt að láta framleiðanda og lögbært yfirvald í heimalandi notandans vita.

Til að tilkynna framleiðanda um atvik skal atvikið vinsamlegast tilkynnt sem kvörtun vegna ábyrgðar með því að fylgja leiðbeiningunum sem tilgreindar eru undir „ábyrgð“ í þessum leiðarvísi.



Tákn

Eftirfarandi tákn eru notuð á vöru, umbúðir eða í þessum notkunarleiðbeiningum.

 Framleiðandi	 Dagsetning framleiðslu	 Lotunúmer	 CE merkt sem lækningatæki í flokki I í samræmi við kröfur MDR (ESB) 2017/745.
 Lækningatæki	 ↑UP Vörustefna prentuð á svampkjarna dýnu	 Þessi hlið upp	 Vinsamlegast skoðið leiðbeiningar um notkun
 Einingin inniheldur náttúrulegt gúmmí latex sem uppbyggingarefni í vörunni	 Ráðlögð þyngd notenda	 Forðist opinn eld	 Rakamörk
 Haldið þurru			

Öryggisupplýsingar - viðvaranir og varúðarráðstafanir

Í þessum notkunarleiðbeiningum eru viðvaranir og varúðarráðstafanir sýndar með eftirfarandi tákni og texta: Vinsamlegast hafið í huga að ef ekki er farið að þessum leiðbeiningum getur það valdið alvarlegum meiðslum eða skemmdum á vörunni.

	VIÐVÖRUN	Verið meðvituð um aðstæður eða starfshætti sem geta valdið dauða eða alvarlegum meiðslum
	VARÚÐ	Verið meðvituð um aðstæður eða starfshætti sem geta valdið dauða eða minniháttar meiðslum

	MIKILVÆGT	Verið meðvituð um aðstæður eða starfshætti sem geta haft í för með sér skemmdir á vörunni eða öðrum eignum
--	------------------	--

Tilætluð notkun

Tilætluð notkun TEMPUR-MED® varanna er að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á að myndun legusárs hjá fullorðnum.

TEMPUR-MED® vörunar henta fyrir allt að 150kg þyngd nema annað sé tekið fram (t.d. á ákveðnum púðum fyrir hjólastóla).

Það er mikilvægt að þeir sem geta ekki hreyft sig sjálfir séu með reglulegu millibili hjálpað að skipta um stöðu.

TEMPUR-MED® vöruúrvalið er ætlað sjúkrahúsum, umönnunarumhverfi (til dæmis hjúkrunarheimilum, endurhæfingarstöðvum) og heimaþjónustu.

Vörulýsing

TEMPUR-MED® úrvalið samanstendur af dýnum, yfirdýnum, koddum, púðum, stuðningsvörum sem og vörum fyrir tannlæknastóla, skurðstofur og skanna.

TEMPUR-MED® vörunar samanstanda af eftirfarandi hlutum:

- Svampkjarni sem inniheldur seigfjaðrandi endurdreifanlegt þrýstings TEMPUR® svampefni
- pólýúretan dýnuhlíf fyrir þvagleka

Dýnuhlíf

TEMPUR-MED® dýnuhlífar fyrir þvagleka eru framleiddar úr vatnsheldu, teygjanlegu, loftgegndræpu pólýúretan efni, sem gerir TEMPUR® svampefninu kleift að anda.

Upplýsingar um innihaldsefni - sjá vörumiða sem er staðsettur inni í dýnuhlífinni.

Fyrir valdar TEMPUR-MED® vörur er dýnuhlíf fyrir þvagleka fánleg bæði í saumuðum og rafsoðnum útfærslum. Saumaðar útgáfur eru ætlaðar fyrir umhverfi þar sem er minni hættu á vökva/líkamsvökva (t.d. flestar legudeildir og dagdvöl). Rafsoðnar útgáfur eru ætlaðar fyrir umhverfi þar sem er meiri hættu á vökva/líkamsvökva (t.d. skurðstofur).

Stöm húðun

Valdar TEMPUR-MED® vörur eru með stamri húðun á botni til að hjálpa til við að halda vörunum frá því að renna til við notkun.

Eiginleikar stamrar húðunar á dýnuhlífinni skerðist ekki við þvott.

Fjarlæging umbúða og uppsetning á TEMPUR-MED® vörum:

MIKILVÆGT: Þegar umbúðir er fjarlægðar skal varast að gata eða skemma dýnuhlífina.

Þegar umbúðir hafa verið fjarlægðar gæti varann mögulega gefið frá sér einhverja lykt. Hún er skaðlaus og hverfur hún eftir stutta notkun.

Meðan á flutningi stendur geta dýnuhlífar stærri hluta færst frá upprunalegri stöðu. Þegar umbúðir hafa verið fjarlægðar, leyfðu vörunni að hitna að lofthita, þá er hægt að setja dýnuhlífina aftur í rétta stöðu með höndunum.

MIKILVÆGT: Ekki rúlla TEMPUR-MED® yfirdýnunum út við kallar aðstæður þar sem hættu er á að svampefnið rifni eða springi. Leyfðu vörunni að aðlagast stofuhita áður en henni er rúllað út.

Að nota TEMPUR-MED® vörur



Viðvörðun: Verið meðvituð um hvernig hreyfihamlaðir notendur eru staðsettir á dýnu, yfirdýnu og/eða koda eða púða til að forðast hættu á köfnun.

Við mælum eindregið gegn því að reykja í rúminu eða á meðan þú notar vörunar.



Viðvörðun: Hætta á eldi: haltu vörunum frá opnum eldi.



Varúð: Áður en TEMPUR-MED® vörurnar eru notaðar skal gengið úr skugga um að varan henti notandanum og ætluðu stuðningsyfirborði (til dæmis rúmbotni, sætisfleti).



Varúð: Hreyfa verður notendur reglulega til.



Varúð: Ráðlagt er að setja lak beint á dýnuna/yfirdýnuna og koddaver á koddana. Ekki nota rúmhlífar, teppi, plastlök eða svipaðar vörur á milli TEMPUR-MED® vörunnar og notandans. Ekki nota hitapoka eða rafmagnsteppi með TEMPUR-MED® vörunum. Slíkar vörur geta haft áhrif á eða dregið úr eiginleikum þrýstingsdreifingu og þar með klínískum ávinningi.



Varúð: Mikilvægt er að engir aðskotahlutir, brot eða saumar í fatnaði eða rúmfötum séu á milli notanda og TEMPUR-MED® vörunnar þar sem það getur aukið hættuna á legusári.



Varúð: Verið meðvituð um beitta hluti og búnað sem getur skemmt dýnuhlífina og valdið því að vökvi komist inn í svampkjarnann. Vökvi skemmir Tempur® svampefnið sem hefur áhrif á eða dregur úr eiginleikum þrýstingsdreifingu vörunnar og þar með klínískum ávinningi.

Ekki stinga skörpum hlutum í dýnuhlífina eða vöruna (öryggisnælur, sprautur, skurðhnífum eða áþekktum hlutum) Ekki setja skarpa hluti ofan á vöruna (lyftistöng fyrir sjúklinga, vökvastand eða svipaðan búnað).



Varúð: Gakktu úr skugga um að dýnur og yfirdýnur séu settar þannig á að áprentaða hliðin snúi upp. Í þessum vörum er TEMPUR® þrýstidreifanlegt svampefnið efst í kjarnanum.



Varúð: Gangið úr skugga um að hjólastólápúðar og aðrir sætispúðar séu settir á þannig að rétt hlið snúi upp: forðist að prentaða TEMPUR-MED® merkið á hlið vörunnar sé á hvolfi.



Varúð: Handföng á dýnum eru aðeins til að lyfta þyngd dýnu meðan á flutningi stendur, til dæmis við undirbúning rúms.



Varúð: Röntgendeyfing (skönnun dýna)

TEMPUR® svampur er efni með mikinn þéttleika sem getur deyft röntgengeisla. Röntgendeyfing jafngildir u.þ.b. 1,4 mm Al á cm TEMPUR® svampefnis.

MIKILVÆGT: TEMPUR-MED® dýnur verða alltaf að vera á loftræstum botni, t.d. gormum eða rimlum til að koma í veg fyrir að raki safnist í dýnuna.

MIKILVÆGT: Skoða verður hlífðardýnuna reglulega með tilliti til gata eða rifna til að forðast skemmdir á TEMPUR® svampefninu.

MIKILVÆGT: Ekki brjóta saman, beygja eða þrýsta TEMPUR-MED® vörunni þinni í ákveðna lögun þar sem hætta er á að TEMPUR® svampefnið skemmist.

Þrif og viðhald

MIKILVÆGT:

Skoða verður hlífarnar reglulega með tilliti til gata eða rifna til að forðast skemmdir á TEMPUR® svampefninu. Skipta verður um hlífðardýnu ef það koma göt, það rifnar eða ef sýnileg merki um slit koma fram.

MIKILVÆGT:

- Ekki þvo TEMPUR® svampefni.
- Ekki gufuhreinsa eða þurrhreinsa TEMPUR® svampefni.
- Ekki gufusæfa TEMPUR-MED® vörur.

- Ekki má meðhöndla TEMPUR-MED® vörur með ósoni, útfjólubláu ljósi eða jónun.

MIKILVÆGT:

- Allar TEMPUR-MED® vörur verður að loftræsta reglulega til að fjarlægja raka.

Þrif á dýnuhlífum

Fylgdu þvottaleiðbeiningunum á merkimiðanum sem er staðsettur innan á dýnuhlífinni.

Hægt er að þurrka af dýnuhlífum með mildri sápulausn eða með venjulegum sótthreinsiefnum sem fást á sjúkrahúsum eins og: 70% etanól eða 0,1% natríumhýpóklórít.

Dýnuhlífar verða að vera alveg þurrar fyrir notkun eða áður en þær eru settar í geymslu.

MIKILVÆGT: Ekki nota efni sem byggð eru á fenól, bleikiefnum eða öðrum hrjúfum efnum.



Varúð: Eftir þvott skal tryggt að dýnuhlífin sé sett á í samræmi við stefnuna sem prentuð er á hlið svampkjarna dýnunnar. TEMPUR® svampefnið sem veitir dreifingu á þrýsting er aðeins á hlið kjarnans sem snýr upp.



Varúð: Eftir að hafa þvegið dýnuhlífar/púða sem eru með fleiri en eitt lag af svampi skaltu vera meðvitaður/meðvituð um stefnu svampkjarnans þegar vörur eru settar aftur saman. TEMPUR® svampefnið sem veitir dreifingu á þrýsting er aðeins á hlið kjarnans sem snýr upp.

Flutningur, meðhöndlun og geymsla



Varúð: Handföng á dýnum eru aðeins til að lyfta þyngd dýnu meðan á flutningi stendur.

Vegna teygjanleika viskós efnisins TEMPUR® svampefnisins geta bæði dýnur og upprúllaðar yfirdýnur þjappast aðeins saman við flutning eða geymslu. Eftir stuttan tíma við stofuhita fer varann aftur í venjulega stærð.

Ekki beygja eða þrýsta TEMPUR-MED® vörum úr upprunalegri lögun þar sem þá er hættu á því að TEMPUR® svampefnið skemmist.

- Geymið í þurru umhverfi (við hámark 65% raka).
- Gakktu úr skugga um að varan sé alveg þurr áður en þú notar hana eða setur hana í geymslu.

- Dýnur ber að geyma flatar, helst í upprunalegum umbúðum.
- Yfirdýnur ber að geyma flatar eða upprúllaðar.
- Kodda, púða og stuðningsvörur verður að geyma í upprunalegri lögun.
- Geymið ekki aðra hluti ofan á TEMPUR-MED vörunum, þar sem hættu er á varanlegri aflögun svampsins.

Endurnotkun TEMPUR-MED® vara

Tempur-MED® vörurnar henta fyrir endurtekna notkun. Væntanlegur líftími vara fer eftir viðhaldi og hversu mikið þær eru notaðar.

Vörur verða að skoða og hreinsa áður en þær eru endurnýttar. Vísað er til hlutans „Þrif og viðhald“ í þessari leiðarvísi.

Förgun

Til að farga notaðri TEMPUR-MED® vöru skaltu skoða leiðbeiningar þíns sveitarfélags. Hreinsa skal vöruna fyrir förgun til að forðast hættu á mengun.

Tæknilegar upplýsingar um vöru

Eldvarnarstaðlar



Viðvörðun: Hætta á eldi: haldið vörunum frá opnum eldi.

TEMPUR-MED® vara	Eldvarnir
Dýnur, yfirdýnur	EN 597-1 (sígarettu próf), EN 597-2 (jafngildi eldspýtna prófi)
Dýnur, yfirdýnur (eldþolnar útgáfur)	BS 7177 meðalhætta: EN 597-1 (sígarettu próf), EN 597-2 (jafngildi eldspýtna prófi) BS 6807 (Crib V) BS 5852 (Crib V á svamp)
Koddar, púðar og stuðningsvörur (mótuð og kornuð fylling)	EN 12952-1 (sígarettu próf), EN 12952-2 (jafngildi eldspýtna prófi)
Koddar, púðar og stuðningsvörur, mótuð (eldvarnarútgáfur)	EN 12952-1 (sígarettu próf), EN 12952-2 (jafngildi eldspýtna prófi) BS 5852 (Crib V á svamp)
Koddar, púðar og stuðningsvörur með kornaðri fyllingu (eldvarnarútgáfur)	EN 12952-1 (sígarettu próf), EN 12952-2 (jafngildi eldspýtna prófi) BS 5852 (grunnur 2 á svamp)

Frekari upplýsingar eru fáanlegar sé þess óskað.

Latex

Ákveðnar TEMPUR-MED® vörur eru framleiddar úr svamplögum með TEMPUR® svampefninu ofan á og með lími á milli laga sem inniheldur latex.

Vinsamlegast athugaðu merkimiðann á hlífðardýnunni til að sjá hvort varan sem þú keyptir inniheldur latex. TEMPUR® svampefnið og hlífðardýnan innihalda ekki latex

Röntgendeyfing (skönnun dýna)

Röntgendeyfing jafngildir u.þ.b. 1,4 mm Al á cm TEMPUR® svampefnis.

Mál og þyngd vöru:

TEMPUR-MED® vörur eru fáanlegar í nokkrum mismunandi stærðum sem og sérsniðnum stærðum. Þyngd vöru fer eftir stærð vörunnar. Frekari upplýsingar eru fáanlegar sé þess óskað.

Framleiðandi



Dan-Foam ApS

Holmelund 43
5560 Aarup
Denmark

*Dan-Foam ApS er dótturfélag TEMPUR-Sealy International, Inc.

Ábyrgð

Svampekjarnar	Vöruábyrgð	Yfir hvað nær ábyrgðin
Dýnur, yfirdýnur og yfirdýnur fyrir skanna og sneiðmyndataeki	7 ár	Gallar af völdum ámælisverðri vinnu eða efna, og breytingar sem valda sýnilegri varanlegri dæld sem er dýpri en 2 cm í TEMPUR® svampefninu.
Venjulegar dýnur	3 ár	Gallar af völdum ámælisverðri vinnu eða efna, og breytingar sem valda sýnilegri varanlegri dæld sem er dýpri en 2 cm í TEMPUR® svampefninu.
Koddar, púðar og stuðningsvörur, mótaður kjarni	3 ár	Gallar af völdum ámælisverðri vinnu eða efna, og breytingar sem valda sýnilegri varanlegri dæld sem er dýpri en 2 cm í TEMPUR® svampefninu.
Koddar með kornaðri fyllingu	3 ár	Gallar af völdum ámælisverðri vinnu eða efna
Dýnuhlífar	Vöruábyrgð	Yfir hvað nær ábyrgðin
PU dýnuhlífar	3 ár	Gallar af völdum ámælisverðri vinnu eða efna
Venjulegar PU dýnuhlífar	2 ár	Gallar af völdum ámælisverðri vinnu eða efna

Vinsamlegast athugaðu ábyrgðarskilmála fyrir landið þar sem varan var upphaflega keypt þar sem annar ábyrgðartími gæti átt við.

Ábyrgðin nær ekki til venjulegra breytinga á stífni eða eigindi sem hafa ekki áhrif eiginleika vörunnar á dreifingu á þrýstingi. Ábyrgðin gildir aðeins ef TEMPUR-MED® varan er notuð, hreinsuð og viðhaldið í samræmi við leiðbeiningarnar í þessum leiðarvísi.

Ábyrgðin nær ekki yfir;

- Ef TEMPUR-MED® vöru hefur verið breytt eða gert hefur verið við hana án leyfis frá TEMPUR®.
- Ef leiðbeiningum um notkun, hreinsun og viðhald hefur ekki verið fylgt.
- Vörunni hefur vísitandi verið skemmd eða skemmd vegna vanrækslu, í hana skorið, bruna, flóða eða annarrar óviðeigandi notkunar af þér eða af þriðja aðila.

Kvörtunum skal beina til þess söluaðila er varan var keypt af eða til annars viðurkennds söluaðila TEMPUR-MED vara í landinu sem varan er keypt

Ef um er að ræða kvörtun verður frumrit nótu að fylgja með sem sönnun fyrir kaupum. Ekki skila vörunni án undangengins samþykkis/leiðbeininga frá TEMPUR eða söluaðila.

Ef vörur eru lagfærðar eða þeim skipt út samkvæmt ábyrgðinni lengist upphaflegi ábyrgðartíminn ekki.

Ábyrgðin hefur ekki áhrif á lögbundinn rétt neytandans samkvæmt gildandi lögum heldur miðar að því að auka rétt neytandans þar sem það á við.